

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um hlunnindi 73

12. maí

Útaf beiðni, sem hingað höfir borist frá forstöðunefnd sparisjóðs Arnfirðinga, vill stjórnarráðið hérmeð veita nefndum sjóði um næstu 5 ár frá 1. júní þ. á., hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskip. 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sé nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um takmörk 74

16. maí

Með bréfi, dags. 3. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Bakka við Arnarfjörð, sem með lögum nr. 27, 16. nóv. 1907, varð löggiltur verzlunarstaður, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Útaf þessu er hérmeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Bakka, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hér segir.

Bein stefna úr Mölvík á land upp í Merkjastein, þaðan bein sjónhending í Garðshorn utan við túnið á Bakka, þaðan eftir gömlum túngarði niður að vegi þeim, sem liggur utan úr Dölunum, þaðan inn bakkana að Gróhólum, eins og girðing ræður, þaðan bein stefna upp að veginum inn að Hóli, þaðan eftir veginum inn að Hólsá og þaðan eftir Hólsá til sjávar; á aðra vegu sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjól hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á kostnað hreppsjóðs glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um takmörk verzlunarlóðarinnar í Siglufjarðarverzlunarstað. 75

19. maí

Með bréfi, dags. 15. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Siglufjarðarverzlunarstað ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.